

**Ed.**

**259. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt (þingskj. 183).

Flutningsm.: Sigurjón Friðjónsson.

11. gr. orðist þannig:

Tekjuskattur skal lagður á tekjur skattþegns næsta almanaksár á undan framtalinu, þannig: Af hinum fyrstu þúsund krónum skattskyldum greiðist  $\frac{1}{4}$  af hundraði; af því, sem tekjurnar eru yfir 1000 kr. og að 2000 kr., greiðist  $\frac{1}{2}$  af hundraði; af því, sem tekjurnar eru yfir 2000 kr. og að 3000 kr., greiðist  $\frac{3}{4}$  af hundraði o. s. frv., þannig, að skatturinn eykst um  $\frac{1}{4}$  af hundraði með hverju þúsundi, sem tekjurnar hækka, að  $2\frac{1}{2}$  af hundraði, sem greiðist af hinu tíunda skattskyldu þúsundi. En síðan eykst skatturinn um  $\frac{1}{2}$  af hundraði með hverju þúsundi, sem tekjurnar hækka, að 35 af hundraði, sem greiðist af því, er tekjurnar eru yfir 74 þúsund krónur.